

Skýrsla ferðanefndar FaMos 2020-2021

Áður en kórónuveiran COVID-19 skall á þjóðinni af miklum þunga fyrir vel rúmu ári síðan sluppu fyrir milligöngu ferðanefndar og ferðaskrifstofunnar VITA 27 kátir og hressir FaMos-félagar til Tenerife. Á kynningarfundum með fararstjóra sem haldinn var 18. febrúar skráðu sig 37 manns en 10 manns helltust úr lestinni af ýmsum ástæðum. Um var að ræða tímabilið 4. – 18. mars sl. Gist var á Hotel La Siesta sem var mjög vel staðsett. Ferðalangar undu sér vel í sól og blíðu en því miður varð minna um skoðunarferðir en ætlað var. Útgöngubann skall á einum og hálfum degi fyrir brottför en heim var flogið á áætluðum tíma hvar beið endurnærðra ferðalanga hálfsmánaðar sóttkví.

Á dagskrá var að fara í síðsumarsferð að Flúðum 11. ágúst sl. í samstarfi við félagsstarfið að Eirhömrum. Borða skyldi á flottum veitingastað hjá Flúðasveppum og fá stutta kynningu á starfseminni. Í framhaldinu var ætlunin að fara í hellaskoðun í Landssveit. Þessi ferð gekk ekki eftir vegna fjöldatakmarkana á covid-tímum. Ferðanefndin vonast til að þessi eða svipuð ferð líti dagsins ljós seinna í sumar en þá ætti að vera búið að bólusetja alla FaMos-félaga í bak og fyrir.

Utanlandsferð er ekki á dagskrá þetta árið.

F.h. ferðanefndar,

Margrét J. Ólafsdóttir, formaður

Jóhanna B. Magnúsdóttir

Snjólaug Sigurðardóttir

